

#menntaspjall um alþjóðlegt samstarf í íslenskum skólum



#menntaspjall – Umræður skólafólks á Twitter annan hvern sunnudag.

Fjórða [#menntaspjall](#) MenntaMiðju verður haldið næsta sunnudag, 23. febrúar, kl. 11-12. Að þessu sinni verður rætt um alþjóðlegt samstarf í íslenskum skólum. Gestastjórnandi er Guðmundur Ingi Markússon, verkefnisstjóri á [landskrifstofu eTwinning áætlunar ESB](#), sem er íslensku skólafólki að góðu kunn.

Þátttakendur eru hvattir til að undirbúa sig og væri sérstaklega gott að vísa á vefi alþjóðlegra verkefna sem íslenskt skólafólk hefur komið að. Spurt verður:

1. Lýsið alþjóðlegum verkefnum tengdum skólastarfi sem þið hafið tekið þátt í.
2. Hvaða þýðingu hefur alþjóðlegt samstarf haft fyrir skóla þinn, þig persónulega, eða stofnun sem þú starfar við? En fyrir íslenskt skólastarf almennt?
3. Hvaða þýðingu hefur alþjóðlegt samstarf skóla fyrir nemendur í íslenskum skólum?
4. Hvaða hindranir eru fyrir því að skólafólk taki þátt í

alþjóðlegu samstarfi?

5. Hvaða þekkingu/reynslu þarf skólafólk helst að búa yfir til að geta best nýtt alþjóðlegt samstarf?

6. Hvað mætti gera til að miðla betur reynslu einstakra íslenskra skóla/kennara af alþjóðlegu samstarfi?

7. Ef sett verður á fót “Alþjóðatorg” á MenntaMiðju, hver ættu helstu verkefni þess að vera?

